



Hörður Helgi Helgason

formaður Íslandsdeildar  
Amnesty International  
og lögmaður hjá Landslögum

hhh@1969.is

## RITSTJÓRNARGREIN

# Mannréttindi í Tyrklandi

Að mörgu leyti má halda því fram að heimur batnandi fari. Tekist hefur að lyfta stórum hluta mannkyns úr sárri fátækt í betra skjól, tækni og vísindi taka enn stórstígum framförum og vopnuðum átökum fer fækkanði.

Samt sem áður láta tugir þúsunda enn lífið á hverju ári í hernaði, til dæmis í borgarastyrjöldum í Sýrlandi, Afganistan og Írak og í átökum í mörgum af ríkjum Afríku.

Þá hefur aukinni efnahagslegri velsæld í heiminum ekki fylgt aukið frelsi eða lýðræði. Þvert á móti átti lýðræði hvað erfiðast uppdráttar á liðnu ári samanborið við síðustu áratugi, að mati Freedom House stofnunarinnar. Í nýrri ársskýrslu samtakanna kemur fram að ástand stjórnmalalegra og borgaralegra réttinda í heiminum versnaði 12. árið í röð, batnaði í 35 ríkjum en hrakaði í rúmlega tvöfalt fleiri ríkjum.

Mörg fyrrnefndra ríkja sem búa við viðvarandi vopnuð átök, eru jafnframt þau ríki þar sem ástand mannréttindamála er hvað verst. Það er hins vegar ekki einungis í stríðshrjádum ríkjum sem mannréttindi eiga í auknum mæli undir högg að sækja heldur hafa þau látið undan síga í sumum af fjölmennustu ríkjum heims, ríkjum sem búa við stöðugleika í stjórnarferi og uppgang í efnahag. Þannig búa til dæmis íbúar í Kína við stórskert borgaraleg réttindi og þarlend stjórnvöld taka árlega af lífi mörg þúsund manns. Þá sjást einnig blikur á lofti jafnvel í ríkjum sem hafa til skamms tíma verið leiðandi á sviði mannréttindabaráttu, svo sem Bandarík-anna.

Við þessar aðstæður sækja alræðisstjórnir og einræðisherrar í sig veðrið og seilast lengra en þeir þyrðu ella. Meðal fórnarlamba þeirra er fólk sem stjórnvöld telur óæskilegt, svo sem dómáramur sem ekki láta að stjórn, fréttafólk sem flytur óþægilegar fréttir, baráttufólk fyrir réttindum minnihlutahópa, lækna sem hlúa að hinum óæskilegu og lögmenn sem sækja rétt þeirra. Í nýrri ársskýrslu Front Line Defenders kemur fram að á liðnu ári lét fólk lífið í 27 ríkjum heims fyrir friðsöm mótmæli sín gegn mannréttindabrotum og hefur fjöldinn aukist ár frá ári.

Það ríki þar sem staða mannréttinda hefur versnað hvað hraðast á síðustu árum er Tyrkland.

Þarlend stjórnvöld hafa á síðustu árum þjarmað jafnt og þétt að helstu borgaralegum réttindum, svo sem tjáningarfrelsi og réttinum til sanngjarnrar málsmeðferðar. Í kjölfar valdaránstílaunar í júlí 2016 jukust þessir tilburðir stórkostlega með fjöldahandtökum og ákærum fyrir oft á tíðum fráleitar sakir. Á annað hundrad þúsund einstaklingar hafa verið handteknir eða reknir úr störfum sínum, þar af hafa 40.000 verið hneptar í varðhald en af þeim eru hátt í 3000 dómáramur, 10.000 hermenn og 15.000 kennáramur.

Þessi mannréttindabrot hafa ekki vakið jafn hörð viðbrögð annarra ríkja alþjóðasamfélagsins og búast mátti við. Þannig hefur Evrópusambandið haldið áfram vafasömu samstarfi sínu við tyrknesk yfirvöld um að stöðva för flóttafólks frá Sýrlandi til Evrópu. Tyrknesk stjórnvöld hafa því gengið á lagið og beina nú spjótum sínum í auknum mæli gegn þeim sem þau virðast telja sér stafa ógn af. Hafa handtökur og ákærum því stöðugt meira beinst gegn blaðafólki og baráttufólki fyrir mannréttindum. Þannig voru bæði framkvæmdastjóri og formaður tyrknesku deildar Amnesty International hneptir í varðhald á liðnu ári og bíða nú bæði dóms fyrir sakir á borð við samsæri gegn ríkinu.

Tyrknesk stjórnvöld hafa nú gengið enn lengra og dæmt hóp blaðamanna í lífstíðarfangelsi fyrir umfjöllun sína um stjórnmalá-ástandið í landinu. Þá voru 11 meðlimir tyrkneska læknafélagsins hneptir í varðhald og ákærðir fyrir landráð, að því er virðist fyrir það eitt að gagnrýna hernaðarbrölt stjórnvalda. Bæði mannréttindasamtök og ýmis samtök lækna hafa mótmælt þessu kröftuglega. Virðist sem það kunni að hafa átt þátt í því að læknaarnir hafa nú verið leystir úr varðhaldi.

Þrátt fyrir að alþjóðasamfélagið hafi hingað til ekki tekið nægilega hart á einræðistilburðum tyrkneskra stjórnvalda eru þau samt sem áður viðkvæm fyrir almenningsálitinu. Því er mikilvægt að sem flestir almennir borgarar um allan heim láti málið til sín taka, eftir getu og aðstæðum. Mikið er í húfi, þar sem önnur einræðisstjórnvöld, til dæmis í Venesúela, bíða nú og fylgjast grannt með hvort Tyrkir komist upp með að beita varðhaldi og sýndar-réttarhöldum til að þagga niður í þeim sem berjast fyrir bættum mannréttindum þar í landi.